ákvæði þessara laga um sýslunefndir og sýslufjelög einnig til bæjarstjórnar og bæjarfjelags Vestmannaeyja. 21 27. júní

2. gr.

Í stað „5—500“ í 8. gr. komi: 25—500.

3. gr.

Á eftir síðustu málsgrein 10. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Lög nr. 23, 9. júlí 1909, um viðauka við lög 14. des. 1877, nr. 28, um ýmisleg ákvæði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lög 10. nóv. 1905, nr. 53, um viðauka við nefnd lög.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

*Magnús Guðmundsson.*

# FJÁRAUKALÖG
## fyrir árið 1924.

22 27. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til viðbótar við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árið 1924, eru veittar kr. 40973.07 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru hjer á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun og heilbrigðismál) eru veittar kr. 300.00.

Til læknisvitjana í Breiðdalshreppi 1923 .............. kr. 300.00

22
27. júní

3. gr.

Til viðbótar við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) eru veittar kr. 31240.99.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Guðmundur Thoroddsen: Kensla í lagalegri læknisfræði við háskólann | kr. | 500.00 |
| 2. | Sigurbjörn Á. Gíslason kennari, launabót 1924 | — | 1500.00 |
| 3. | Guðmundur Kristjánsson kennari, sama | — | 1500.00 |
| 4. | Eftirstöðvar af raflagnarkostnaði dómkirkjunnar | — | 47.21 |
| 5. | Kostnaður við aðgerð á bændaskólanum á Hvanneyri | — | 23800.98 |
| 6. | Til uppfyllingar á kirkjugarðinum í Reykjavík og kaup á landsspildu handa honum | — | 3892.80 |
| | Samtals | kr. | 31240.99 |

4. gr.

Til viðbótar við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) eru veittar kr. 6654.75.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Til 5 fiskiyfirmatsmanna, launauppbót 1924 | kr. | 3400.00 |
| 2. | Til sjóvarnargarðsins á Siglufirði (aðgerð) | — | 254.75 |
| 3. | Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra | — | 3000.00 |
| | Samtals | kr. | 6654.75 |

5. gr.

Til viðbótar við 18. gr. fjárlaganna (eftirlaun og styrktarfje) eru veittar kr. 2777.33.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Til fyrv. póstafgreiðslumanns Friðriks Klemenssonar | kr. | 1520.00 |
| 2. | Til Sigríðar Finnbogadóttur, ekkju dr. Jóns Þorkelssonar | — | 633.33 |
| 3. | Til barna Hannesar sál. Hafsteins, uppeldisstyrkur fyrir árin 1923 og 1924 | — | 624.00 |
| | Samtals | kr. | 2777.33 |

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**
(L. S.)

*Jón Þorláksson.*